

traustlega af hendi leyst, þótt bryggjan laskaðist í því fádæma brimróti, sem hjer var 28. desbr. 1894, og ber því í þessu máli að sýkna áfrýjanda af kærnum og kröfum hafnarnefndarinnar í Reykjavík. Málskostnaður fyrir báðum dómum virðist eptir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjandi, Júlíus steinsmiður Schau, á í þessu máli að vera sýkn af kærnum og kröfum stefnda, hafnarnefndar Reykjavíkur.

Málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Mánudaginn 2. marzmán.

Nr. 3/1896.

Hið opinbera
gegn

Jóni Hanssýni.

D ó m u r:

Með lögreglurjettardómi Reykjavíkurkaupstaðar, uppkveðnum 3. desbr. f. á., var hinn kærði Jón Hansson, 16 ára gamall unglingspiltur hjer í bænnum dæmdur fyrir æðarfulgsdráp samkvæmt tilsk. um veiði á Íslandi 20. júní 1849, 11. gr. í 1 kr. sekt til bæjarsjóðs Reykjavíkur og samkvæmt viðaukalögum nr. 15, 22. marz 1890, 1. gr., í 10 kr. sekt, er að $\frac{1}{3}$ renni í bæjarsjóð Reykjavíkur en að $\frac{2}{3}$ til uppljóstarmanns, Teits bónda Jónssonar í Viðey. Svo skyldi hann og greiða allan

af málinu leiðandi kostnað. En dómi þessum er skotið til yfirdómsins eptir ósk hins dómfellda.

Hinn kærði hefir játað, að hafa hinn 26. nóv. f. á. skotið fugl, sem synti á sjónum fyrir framan Klapparvör í Skuggahverfi hjer í bænum, en kærði stóð hjá skúr einum efst í vörinni, er hann skaut. Kveðst hann hafa hugsað, að það væri önd, sem hann skaut á, eða sýnzt það mjög líkt önd, en í rauninni hafi hann ekki vitað, hvaða fugl það var. Eptir skotið fór kærði vestur í Hafnarvör, til þess að flytja þaðan bát austur í Klapparvör, sem kærði ásamt öðrum dreng var nýlentur á, en þeir höfðu verið á sjó að skjóta fugla. Ætlaði kærði, um leið og hann flytti bátinn, að hirða fuglinn, sem hann skaut í Klapparvör. Þeir komust þó eigi með bátinn alla leið í Klapparvör sökum andviðris, en urðu að setja hann upp nokkuð vestar, en rjett áður en þeir sneru við, var fuglinn tekinn upp úr sjónum af öðrum bát, er var rjett á undan þeim, og reyndist fulginn vera æðarkolla. Eptir upplýsingum þeim, sem fengnar eru í málinu, getur enginn vafi verið á því, þótt hinn kærði hafi viljað vefengja það, að æðarkolla sú, er tekin var upp úr sjónum fyrir framan Klapparvör af nýnefndum bát, hafi verið sá fugl, sem kærði skaut, og það verður heldur eigi álitíð, þar sem þetta gjörðist um albjartan dag, að kærði, sem leitar sjer atvinnu við fuglaskot, hafi ekki þekkt, að það var æðarfugl, sem hann skaut á, svo nærri sem hann var fuglinum. Það er líka borið af unglingspilti, sem kom að, þegar kærði skaut fuglinn, og

sem þó eigi kom nær fuglinum en kærði, að hann hafi eigi getað imyndað sjer annað en að það væri æðarfugl, sem kærði skaut.

Samkvæmt þessu verður að fallast á, að undirdómarinn hefir dæmt kærða fyrir æðarfuglsdráp, og þar sem sektin virðist hæfilega ákveðin samkvæmt fyrgreindum lagaboðum og yfirdómurinn einnig fellst á málskostnaðarákvæði lögreglurjettardómsins, ber að staðfesta hann í öllum greinum. Hinum kærða ber og að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins fyrir lögreglurjettinum hefir verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Lögreglurjettardómurinn á að vera óraskaður. Hinum kærða, Jóni Hanssyni, ber og að greiða áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, yfirrjettarmálaflutningsmanns Eggerts Briem og cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.